

Nr. 040 / 14 Bjartur NK 121**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1278 IMO nr. 7237987
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. maí 2014 var Bjartur NK 121 á togveiðum í Berufjarðarál.
Veður: Logn.

Á toginu missti aðalvélin afl og hafði afgastúrbínuhjólíð brotnað svo túrbínan varð óvirk. Trollið var tekið, vélin stöðvuð og skipstjóri óskaði eftir að skipið yrði dregið til hafnar.

Barði NK 120 kom síðar um daginn og dró skipið til Neskaupsstaðar.

Við rannsókn kom fram:

- að aðalvélin var sex strokka línuvél sem keyrð var undir álagi á svartolíu. Hvert strokklok er búið tveimur skolloftslokum og tveimur afganglokum;
- að sögn yfirvélstjóra brotnaði lítill geiri úr afgangloka í strokkloki fjögur. Brotið fór um afganggrein inn í afgastúrbínuna þar sem spaðarnir í hjólinu brotnuðu og túrbínan varð óvirk;
- að við þessi tvö atvik missti aðalvélin afl því skolloft hennar minnkað til mikilla muna og jafnframt var strokkur fjögur óvirkur þar sem engin þjöppun var í honum;
- að yfirvélstjórinn upplýsti að við brennslu marine dieselolíu mæli vélarframleiðandi með hámarki 18.000 keyrslutíma milli upptekta strokkloka. Hvað varðar keyrslu á svartolíu eru sömu viðmið 12.000

stundir. Ekki sé tekið tillit til þess olúmagns sem brennt er á milli skoðana;

- að í mars 2013 fór fram hreinsun og viðgerðir á öllum strokklokum og búnaði þeirra. Frá þessum tíma var búið að keyra vélina 6.031 keyrslutíma. Yfirvélstjóri upplýsti að venjulega líða um 12- til 13 þúsund tímar á milli skoðana og það hafi reynst í lagi hingað til.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.